

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Öldrunarhjúkrun HJÚ203 Kennsluáætlun vorönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Margrét Pétursdóttir	Sk.st.	MPÉ
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

1. Í áfanganum er fjallað um stöðu aldraðra í samfélaginu og þætti sem móta hana. Heilbrigðislöggjöfin og lög um félagslega þjónustu eru kynnt.
2. Viðhorf nemanda og aldraðra sjálfra til öldrunar eru skoðuð.
3. Helstu kenningar um öldrun eru raktar og hvernig þær móta aðgerðir stjórnvalda í öldrunarmálum.
4. Farið er yfir helstu andlegar, félagslegar og líkamlegar breytingar sem fylgja hækkandi aldri.
5. Lögð er áhersla á heilsueflingu og lífsgæði aldraðra.
6. Helstu heilsufarsvandamálum aldraðra og viðeigandi hjúkrun eru gerð skil.
7. Fjallað er um ofbeldi gegn öldruðum.
8. Kynntur verður tilgangur og notkun RAI-mats (raunverulegur aðbúnaður íbúa), vistunarmats og viðurkenndrar hjúkrunarskráningar.
9. Fjallað er um lífslok og þau tengd siðfræðilegri umræðu.
10. Fjallað er um mismunandi siðvenjur við lífslok.

Markmið:

Að nemandi viti hvernig hægt er að efla heilbrigði og virkni aldraðra og auka lífsgæði þeirra.

Að nemandi sé fær um að hjúkra öldruðum á heildrænan hátt í umhverfi þeirra innan og utan stofnana.

Námsgögn:

Kennsluefni:

Fjölritað efni, greinar og glósur frá kennara og á vefnum

Ýtarefni:

Nína Þóra Rafnsdóttir (2003) Öldrunarhjúkrun (fæst í VMA)

Margrét Gústafsdóttir, ritstjóri, (2008) Hjúkrunarheimili, leiðbeiningar og fróðleikur fyrir fjölskyldur á tímamótum, (fæst í Pennanum Hafnarstræti Akureyri)

Myndböndin :

Hugarhvarf – Lífið heldur áfram eftir heilabilun

Umönnun látinna og aðhlynning aðstandenda

Náms- og skoðunarferðir ef aðstæður leyfa:

Norðanlands: Víðilundur, Grenilundur, Höfðakapella

Á Reykjavíkursvæðinu: LSH, Hrafnista, Reykjalundur, Eirberg.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Öldrunarhjúkrun HJÚ203 Kennsluáætlun vorönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

Vika 1 – 3	Nemendur í vinnustaðanámi	
Vika 4	Lota 1:	Almenn kynning
Vika 5 – 6	Lota 2:	Öldrunarkenningar og öldrunarbreytingar
Vika 7 – 9	Lota 3:	Lífshættir, bjargráð, staða og heilsuefning aldraðra Heimsókn í Víðilund? Heimsókn í Grenilund? Skýrsla 2%
Vika 10 – 11	Lota 4:	Opinber þjónusta og vistun á hjúkrunarstofnun
Vika 11:		Námsferð til Reykjavíkur . Skýrsla 8%
Vika 12 – 13	Lota 5:	Hjúkrun aldraðra hjartasjúklinga og helfarlamaðra, Skyndipróf 10% í viku 12
Vika 14 – 15		Páskafri
Vika 16		Hjúkrun heilabilaðra
Vika 17	Lota 6:	Viðbrögð við lífslokum, heimsókn í Höfðakapellu. Sýnipróf 5%

Verkefni, námsmat og vægi námsþátta:

Hópverkefni:

- Skýrslur eftir skoðunarferðir, gildir 10% af lokaeinkunn
- Lífsstíll, viðhorf, aðstæður og samfélagsleg aðstoð aldraðra, gildir 5%
- Skráning hjúkrunar á sjúkradeildum, 2,5%

Einstaklingsverkefni:

- Hjúkrun aldraðs hjúkrunarsjúklings gefur 5% af lokaeinkunn

Aðrir þættir í námsmati:

- Annarpróf gildir 60% af lokaeinkunn
- Skyndipróf gildir 10% af lokaeinkunn
- Sýnipróf gildir 5% af lokaeinkunn
- Mæting og þátttaka í hópvinnu, gildir 2,5%

Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn 4,5 út úr annarprófinu til aðrir þættir verði reiknaðir með í lokaeinkunn.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils